

## Fyrningarógninni verður að eyða

Kvótakerfið var sett á laggirnar 1984 og tók við af skrapdagakerfinu, sem hafði sannað sig sem ónothæft. Kvótakerfið var frumstætt og skiptist í aflamark og sóknarmark. Þetta kerfi var mjög gallað. Hafist var handa við endurbætur á því um 1990. Sóknarmarkið var aflagt og frá þeim tíma höfum við búið við aflamarks- og aflahlutdeildarkerfi með framseljanlegum heimildum. Að vísu með ýmsum breytingum, svo sem því að hraðfiskibátar hafa fengið til sín um 40% af upphaflegri aflahlutdeild þorsks frá aflamarksskipum.

### Skuldsetningunni fylgdi aukin arðsemi

Eftir 1990 hófst samþjöppun í greininni fyrir alvöru með sölu á aflaheimildum í samræmi við gildandi reglur. Deilt hefur verið um fyrirkomulagið, en atvinnugreinin hefur sjálf annast og kostað þessar hagræðingaraðgerðir. Þeim fylgdi aukin skuldsetning en um leið aukin arðsemi. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í aflamarki okkar helstu tegunda og þá fyrst og fremst þorsks hefur þetta verið framkvæmanlegt. Þeir sem hafa fylgt þessari stefnu og starfa enn í sjávarútvegi hafa gert það í trausti þess að kerfið væri varanlegt. Viðskipti með aflahlutdeild hafa hins vegar alltaf tekið kipp í aðdraganda kosninga. Þá hafa þeir selt sig út úr greininni, sem ekki treystu sér til að lifa við óvissuna sem ríkt hefur um sjávarútveg.

Fyrir 1990 voru iðulega gerðar ráðstafanir til að halda sjávarútvegi gangandi. Eftir að framsalið var heimilað hefur ríkið ekki þurft að hafa afskipti af sjávarútvegi í neinum mæli, þ.e. varðandi skuldbreytingar o.þ.h. Hins vegar hefur þurft að hjálpa til í byggðum sem hafa selt frá sér aflaheimildir sínar. Það hefur verið gert með því að taka aflamark af óskiptu og setja í potta sem síðan hefur verið dreift. Þessu hafa fylgt miklar deilur í viðkomandi byggðarlögum.

### Aflaheimildirnar eru á landsbyggðinni

Landsbyggðin hefur sem fyrr langstærstan hluta aflaheimildanna. Dreifing þeirra á kjördæmi hefur ekki breyst mikið. Þó hafa höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin að Þorlákshöfn, að Grindavík undanskilinni, misst frá sér hlutdeild. Stjórnun fiskveiða hefur verið kennt um flutning fólks á milli byggðarlaga. Það er í senn mikil einföldun og rangtúlkun. Fólki hefur fækkað í Vestmannaeyjum, á Fáskrúðsfirði, á Neskaupsstað og í Skagafjarðarbyggð þrátt fyrir að aflamark hafi þar aukist.

Strandveiðikerfið sem sett var á í sumar til reynslu, hefur engu breytt um þetta. Eftir því sem ég fæ best séð voru þar aflahæstir hraðfiskibátar með kvóta í eigu útgerðarmanna – sem sagt atvinnumenn – og svo fyrrum útgerðarmenn sem hafa selt frá sér aflahlutdeildina, en eiga bátana enn. Sumir leigðu frá sér aflamark til að geta tekið þátt í þessu kerfi. Ég ætla ekki að segja

skoðun mína á þessari gjörð. En tilurð hennar sýnir hver stjórnar og á auðlindina í sjónum, en nýtingarrétturinn liggur samt sem áður hjá þeim sem starfa í greininni.

Nú hefur ríkisstjórnin boðað fyrningarleið. Þessu er kastað fram um svipað leyti og rekstraraðilar í sjávarútvegi telja að náð sé hátindi samþjöppunnar veiðiheimilda, sem greitt hefur verið fyrir með eigin fé og skuldsetningu. Að stefna að fyrningu aflaheimilda er ósanngjarnt gagnvart þeim, sem hafa treyst stefnunni í fiskveiðistjórnun og því stofnað til skulda í sínum rekstri.

Það þarf engar úttektir frá sérfræðingum til að sýna fram á að fyrningarleið mun draga allan mátt úr greininni á stuttum tíma. Tapið lendir svo á þjóðinni allri. Það þarf auðvitað ekki að trúa okkur sem höfum áratuga reynslu í sjávarútveginum og höfum lifað frjálsar veiðar, skrapdagakerfi, sóknarmark og alla þá flóru sem hefur verið ástunduð í stjórnun fiskveiða eða þá alla sjóðina. Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina, hlutafjárjóð, aflatryggingasjóð og gengismunarsjóð, sem allir gegndu því hlutverki að mismuna og gert var út á. Ég þekki þetta kerfi fortíðarinnar og langar ekki í það aftur.

### **Fyrningarógninni verður að eyða**

Það verður að eyða þeirri ógn sem vofir yfir sjávarútveginum með stefnu um fyrningu aflaheimilda. Ég lít svo á – og er þar sammála kollegum mínum í greininni – að fyrningin hefjist með frumvarpi því sem sjávarútvegsráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Við getum ekki lifað við þetta og það er augljóst að rekstraraðilar í sjávarútvegi taka ekki ákvarðanir um framtíðina með þetta yfir sér.

Við erum að glíma við verstu stöðu sem við höfum lent í lengi. Þrátt fyrir fullyrðingar um annað höfum við almennt ekki verið þáttakendur í því að skapa þessa stöðu. Hægt er að telja þá upp á fingrum annarrar handar sem koma úr sjávarútvegi og tóku þátt í bólunni. Þrátt fyrir þau áföll sem hafa dunið á þjóðinni er sjávarútvegur þokkalega í stakk búinn til að taka þátt í að byggja upp efnahag þjóðarinnar á ný fái hann til þess starfsfrið. Áðurnefnt frumvarp sjávarútvegsráðherra er ekki skref í átt til sátta. Nauðsynlegt er að samkomulag náist um að leggja það til hliðar og vinna að sáttt á raunhæfum grunni eins og við trúðum að ætlað væri með endurskoðunarnefndinni, sem útgerðarmenn og fiskverkendur eiga aðild að.

Eiríkur Tómasson,  
útgerðarmaður Grindavík